

og Hnappadalstind (1212 m) að Jökulsá við Vondasnaga, þaðan niður með Jökulsá að ármótum við Skyndidalsá.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Hefðbundnar nytjar landeigenda, svo sem búfjárbreit og veiðiréttur haldast óskertar nema um annað verði samkomulag en sérstaklega skal þess gætt að misbjóða ekki beitarþoli afrétta og hlífa kjarri og skóglendi eftir föngum.
3. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð nema á ógrónum áreyrum, vegum og öðrum merktum akslóðum innan svæðisins.
4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt gróðri, raskað dýralífi, minjum, mannvirkjum né öðrum verðmætum. Hvergi á svæðinu má skilja eftir sorp eða rusl nema í sorpílátum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði með samkomulagi við landeigendur.
5. Náttúruverndarráð skal í samvinnu við aðra, er í hlut eiga, sjá um að haldið sé við vegslóðum, göngubrúum, gömlum götum og vörðum eftir nánara skipulagi. Á sama hátt skal tryggð önnur lágmarksaðstaða fyrir ferðafólk, svo sem afmörkun tjaldsvæða með hreinlætisaðstöðu samkvæmt skipulagi og í samráði við landeigendur. Þá skal Náttúruverndarráð tryggja vörslu og eftirlit á svæðinu að sumarlagi.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs, eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Náttúruverndarráð getur falið umboð sitt samkvæmt þessari friðlýsingu umsjónarnefnd er skipuð sé fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og Náttúruverndarráði.

Um viðurlög við brotum á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessara auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mán-aðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilisþjónustunnar:

1. taxti	kr.	0.00 á tímann
2. taxti	—	125.00 á tímann
3. taxti	—	315.00 á tímann
4. taxti	—	500.00 á tímann

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til, hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga

1. Tekjur undir kr. 40 000.00
2. Tekjur milli kr. 40 000.00 og 60 000.00
3. Tekjur milli kr. 60 000.00 og 80 000.00
4. Tekjur yfir kr. 80 000.00

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk

1. Tekjur undir kr. 60 000.00
2. Tekjur milli kr. 60 000.00 og 90 000.00
3. Tekjur milli kr. 90 000.00 og 130 000.00
4. Tekjur yfir kr. 130 000.00

3. gr.

Gjaldstíginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda.

Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 6 000 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 500 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.